

Mál nr. 418/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar dvalarheimilis (G)

Meiðsl við fall í hálfu við póstburð 08.12. 2008.

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 24.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.12. 2009.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M rann til í hálfu fyrir utan dvalarheimilið G þannig að meiðsl hlaut af. Slysið varð um kl. 09.00 að morgni, hjart var og snjóföln á jörðu.

Vátryggingafélagið telur ósannað að rekja megi atvikið til saknæmrar háttsemi og ólögðar háttsemi vátryggingartakans G eða starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Það að ekki hafi verið búið að salta kl. 09.00 að morgni geti ekki talist vanræksla af hálfu aðila. Gefa verði hlutaðeigandi aðilum tækifæri til þess að bregðast við aðstæðum.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta ítarlega. M vísar m.a. til þess að óumdeilt sé að saltað hafi verið á slyssstað “um daginn og nóttina fyrir slysið”. Hann telur því að starfsmenn vátryggingartaka hafi séð ástæðu til að “salta sólarhringinn áður en slysið átti sér stað en að ekki hafi verið saltað um morguninn”. Um leið og slysið varð hafi og verið saltað.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi óhapp M til saknæmrar háttsemi G eða starfsmanna hans eða annarra aðstæðna eða atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Ekki er unnt að halda því fram að vátryggingartaki eða starfsmenn hans hafi átt að bregðast fyrir við varðandi hálfuvarnir.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 5. janúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.